



Reykjavíkurborg
Velferðarsvið



Velferðarsvið Reykjavíkurborgar, kt. 530269-7609, Borgartúni 12-14, Reykjavík, í samningi þessum nefnt styrkveitandi, og Samhjálp, kt. 551173-0389, Hlíðarsmára 14, 201 Kópavogi, í samningi þessum nefnd styrkþegi, gera með sér svohljóðandi

SAMNING á grundvelli styrkveitingar

um þjónustu við rekstur Kaffistofu Samhjalpar

1. gr.

Gildissvið

Samningurinn tekur til sértækra þjónustuverkefna sem styrkþegi innir af hendi vegna málefna einstaklinga sem standa höllum fæti í Reykjavík og eru byggð á stefnu styrkþega um að bæta þjónustu við þá sem líða skort vegna fátæktar eða annarra ástæðna.

2. gr.

Markmið

Markmiðið er að bjóð uppá mat án endurgjalds alla daga vikunnar, til einstaklinga sem standa höllum fæti í Reykjavík og vegna aðstæðna sinna hafa þörf fyrir þjónustu. Markmiðið er að auka lífsgæði og heilsu fólks.

3. gr.

Lagagrundvöllur

Þjónustan sem samið er um grundvallast á lögum nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga með síðari breytingum.

Samningur þessi grundvallast á styrkveitingu velferðarráðs sem samþykkt var á fundi ráðsins þann 2. febrúar 2022, sbr. reglur um styrkjaúthlutun velferðarráðs sem samþykktar voru á fundi velferðarráðs þann 13. september 2006 og á fundi borgarráðs þann 21. september 2006 með síðari breytingum.

Þjónusta sem styrkþegi tekur að sér að veita samkvæmt samningi þessum, skal unnin samkvæmt gildandi mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar.

4. gr.

Skilgreining á þjónustu sem samið er um

Þjónustan sem samið er um er eftirfarandi:

Í Kaffistofu Samhjalpar er boðið uppá morgunkaffi, meðlæti og heitan mat í hádeginu, alla daga ársins, helgar jafnt sem helgidaga. Áhersla er á að mæta fólki með virðingu og skapa hlýlegt og fordómalaust samfélag. Á Kaffistofunni starfa fjórir starfsmenn í tveimur og hálfu stöðugildi. Að auki starfa að jafnaði tveir til fimm sjálfbóðaliðar og aðilar frá Fangelsismálastofnun á hverjum degi.

5. gr.

Fjárhæðir og greiðslutilhögun

Styrkveitandi greiðir styrkþega samtals kr. 10.000.000 (tíu milljónir króna) til ofangreinds verkefnis ár hvert á samningstímanum sem greiðast með þremur jöfnum greiðslum, í maí, september og desember ár hvert. Fjárhæð ársins 2023 mun taka breytingum til samræmis við forsendur fjárhagsáætlunar Reykjavíkurborgar fyrir það ár.

Styrkþegi ber alla faglega og rekstrarlega ábyrgð á framangreindri starfsemi og fjárhagsskuldbindingar félagsins eru styrkveitanda óviðkomandi.

6. gr.

Samráð

Aðilar skulu hafa með sér samráð á samningstímanum um það verkefni sem samið er um. Samráðsfundur verður haldinn í september ár hvert á samningstímanum til þess að ræða stöðu verkefnisins og verður boðað til hans af hálfu styrkveitanda. Aðilar geta óskað eftir fleiri stöðufundum um verkefnið ef þurfa þykir

7. gr.

Skýrslur og eftirlit

Árlega, eða eigi síðar en 1. maí ár hvert skal styrkþegi skila styrkveitanda skýrslu þar sem fram kemur heildarfjöldi þeirra sem fengi hafa þjónustu samkvæmt samningi þessum. Getið skal um hlutfall Reykvíkinga sem sótt hafa þjónustu og skulu upplýsingar um fjölda þjónustuþega vera kyngreindar. Starfsfólk Kaffistofunnar gerir daglega talningu á fjölda þeirra sem sækir þjónustuna, hvernig kynjaskipting er og áætlun um hver stór hluti notenda eru af erlendum uppruna. Lokaskýrslu skal skila við lok samningstíma þar sem fram kemur heildarfjöldi þeirra sem hafa fengið þjónustu samkvæmt samningi þessum, kynjaskipting og hve áætlað var að stórt hlutfall hafi verið af erlendum uppruna.

Styrkþegi skal eigi síðar en 1. maí ár hvert skila styrkveitanda ársreikningi. Ársreikningur skal innihalda sundurliðað rekstraryfirlit, þar sem kostnaður við framkvæmd samnings er aðgreindur frá öðrum kostnaði hjá styrkþega. Ársreikningi má skila á netfangið velferd@reykjavik.is.

Eftirlit með framkvæmd þjónustunnar er í formi fyrrnefndra upplýsinga um þjónustuverkefni og með stöðufundum styrkþega og styrkveitanda samkvæmt ákvæðum 6. gr. samnings þessa.

Eins er styrkveitanda heimilt að gera úttekt á starfsemi styrkþega hvenær sem er á samningstímanum, hvort heldur er sjálfur, eða fá til þess óháðan aðila. Úttekt miðar að því að kanna aðbúnað þjónustuþega á Kaffistofunni á samningstímanum sem og hvernig þjónustusalí heldur skilmála samningsins.

8. gr.

Kynningarmál

Styrkþegi skal ávallt birta merki Reykjavíkurborgar í kynningarefni og láta þess getið að verkefnið hafi hlotið styrk úr sjóðnum.

9. gr.

Þagnarskylda og meðferð upplýsinga

Varðveita skal með tryggilegum hætti þau gögn er varða persónulega hagi einstaklinga þannig að óviðkomandi aðilar fái þar ekki aðgang. Styrkþegi og starfsmenn hans eru bundnir þagnarskyldu um málefni einstaklinga í samræmi við gildandi lagaákvæði þar að lútandi. Þagnarskylda helst þó svo að samningi milli aðila ljúki og einnig ef starfsmenn styrkþega láta af störfum.

Við störf sín skuldbindur styrkþegi sig til að hlíta skilyrðum varðandi vernd persónuupplýsinga í samræmi við lög og reglur þar að lútandi.

10. gr.

Vanefndir og riftun

Verði uppi ágreiningur milli samningsaðila um efni samnings þessa og/eða telji aðilar samninginn vanefndan af hálfu gagnaðila, skulu styrkþegi og styrkveitandi leitast við að jafna ágreining sinn.

Ef um verulegar vanefndir á efni samnings þessa er að ræða geta aðilar rift honum fyrirvaralaust. Vanefnd samnings ber þó ávallt að tilkynna gagnaðila með sannanlegum hætti og gefa honum kost á að bæta úr.

Ef styrkur til styrkþega er notaður í öðrum tilgangi en samkvæmt samningi þessum eða á þann hátt að gengur í berhögg við markmið og stefnu Reykjavíkurborgar áskilur styrkveitandi sér rétt til að rifta samningum og/eða krefjast endurgreiðslu framlagsins að hluta eða öllu leyti þegar í stað. Við endurgreiðsluna bætast hæstu löglegu dráttarvextir Seðlabanka Íslands hverju sinni frá og með þeim degi að liðinn er mánuður frá því að krafa um endurgreiðslu var gerð.

11. gr.

Starfsmenn

Styrkþegi skuldbindur sig til að hlíta ákvæðum laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum hvað varðar starfsmenn sína og aðra er koma að framkvæmd þjónustu.

12. gr.

Ágreiningsmál

Rísi mál út af samningi þessum má bera slíkan ágreining undir Héraðsdóm Reykjavíkur.

13. gr.

Framsal samnings til þriðja aðila

Samningsaðila er óheimilt að framselja samning þennan til þriðja aðila.

14. gr.

Breytingar á samningi

Samningi þessum verður ekki breytt nema með skriflegu samkomulagi aðila.

15. gr.

Gildistími

Samningurinn er tímabundinn og gildir frá 1. janúar 2022 - 31. desember 2024. Samningur þessi er gerður í tveimur eintökum og heldur hvor aðili sínu eintaki.

Reykjavík 9. maí 2022

f.h. velferðarsviðs Reykjavíkurborgar

f.h. Samhjalpar

Regína Ásvaldsdóttir, sviðsstjóri

Valdimar Svavarsson, framkvæmdastjóri